

Félagsheimilið Blönduósi ehf.

Ársreikningur 2009

Félagsheimilið Blönduósi ehf.
Húnabraut 6
540 Blönduós

Kt. 710197-3349

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið rekur félagsheimili á Blönduósi. Á árinu starfaði enginn starfsmaður hjá félaginu.

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2009 að fjárhæð 2.648 þús. kr. Bókfært eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um 31.463 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutafé félagsins nam í árslok 40.600 þús. kr. og átti Blönduósbær 99,7% af heildarhlutafé en Leikfélag Blönduóss 0,3% sem er óbreytt frá fyrra ári.

Með hliðsjón af ákvæðum 74. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög er ekki heimilt að úthluta arði til hluthafa á árinu 2010 vegna rekstrarársins 2009. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Félagsheimilisins á Blönduósi ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Blönduósi, 2010

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Félagsheimilinu Blönduósi ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félagsheimilisins Blönduósi ehf. fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Fyrirvari í áritun

Á árinu 2009 varð 2.648 þús. kr. tap á rekstri félagsins. Eigið fé félagsins var neikvætt um 31.463 þús. kr. í árslok 2009. Samtala veltufjármuna var 85.421 þús. kr. lægri en samtala skammtímaskulda í árslok, sem er óbreytt veltufjárstaða frá árinu á undan. Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna í efnahagsreikningi er miðað við framreikning upphaflegs stofnverðs að frádregnum föstum árlegum afskriftum. Réttmæti þessara forsendna er háð því að umbætur verði á rekstrarafkomu og fjármögnun félagsins.

Álit með fyrirvara

Það er álit okkar, að teknu tilliti til þess fyrirvara sem fram kemur hér að ofan, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Blönduósi, 2010

KPMG hf.

Rekstrarreikningur árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrartekjur			
Leigutekjur		2.827.407	4.141.141
Vörusala		0	349.804
		<u>2.827.407</u>	<u>4.490.945</u>
Rekstrargjöld			
Vörunotkun		0	224.449
Laun og launatengd gjöld		0	2.474.567
Annar rekstrarkostnaður		5.845.789	7.705.294
Afskriftir	3	2.648.004	2.540.001
		<u>8.493.793</u>	<u>12.944.311</u>
Rekstartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(5.666.386)	(8.453.366)
Vaxtatekjur		83.443	13.901
Vaxtagjöld og verðbætur		(16.563)	(68.838)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>66.880</u>	<u>(54.937)</u>
Tap án framlags Blönduósbæjar		(5.599.506)	(8.508.303)
Framlag Blönduósbæjar		<u>2.951.502</u>	<u>5.968.302</u>
Tap ársins	4	<u>(2.648.004)</u>	<u>(2.540.001)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr.	2009	2008
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	3	53.958.090	56.606.095
Fastafjármunir samtals		<u>53.958.090</u>	<u>56.606.095</u>
Viðskiptakröfur		86.219	215.237
Aðrar skammtímakröfur		140.864	358.908
Handbært fé		95.457	95.216
Veltufjármunir samtals		<u>322.540</u>	<u>669.361</u>
Eignir samtals		<u><u>54.280.630</u></u>	<u><u>57.275.456</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		40.600.000	40.600.000
Ójafnað eigið fé		(72.062.759)	(69.414.754)
Eigið fé samtals	4	<u>(31.462.759)</u>	<u>(28.814.754)</u>
Skuldir			
Blönduósbær		84.912.029	84.285.218
Aðrar skammtímaskuldir		831.360	1.804.992
Skammtímaskuldir samtals		<u>85.743.389</u>	<u>86.090.210</u>
Skuldir samtals		<u>85.743.389</u>	<u>86.090.210</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>54.280.630</u></u>	<u><u>57.275.456</u></u>

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Innlausn tekna

Tekjur af sölu eru færðar í rekstrrareikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

b. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími fasteigna er 33 ár og áhalda og tækja 10 ár.

c. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteign	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2009	84.339.399	1.178.215	85.517.614
Afskrifað samtals	(28.901.701)	(9.818)	(28.911.519)
Bókfært verð 1.1.2009	55.437.698	1.168.397	56.606.095
Afskriftir á árinu	(2.530.182)	(117.822)	(2.648.004)
Bókfært verð 31.12.2009	52.907.516	1.050.575	53.958.090
Afskriftahlutföll	3%	10%	

Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat fasteigna nam í árslok 293.800 þús. kr., fasteignamat 66.160 þús. kr. og fasteignamat leigulóðar 5.205 þús. kr.

4. Eigið fé

Hlutfé félagsins nam 40.600 þús. kr. í árslok 2009. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2009	40.600.000	(69.414.755)	(28.814.755)
Tap ársins	0	(2.648.004)	(2.648.004)
Eigið fé 31.12.2009	40.600.000	(72.062.759)	(31.462.759)

Skýringar, frh.:

5. Skattmál

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2009, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum, nemur 48.019 þús. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2000, nýtanlegt til ársins 2010	8.724.067
Tap ársins 2001, nýtanlegt til ársins 2011	7.520.601
Tap ársins 2002, nýtanlegt til ársins 2012	9.882.137
Tap ársins 2003, nýtanlegt til ársins 2013	11.674.045
Tap ársins 2004, nýtanlegt til ársins 2014	209.874
Tap ársins 2006, nýtanlegt til ársins 2016	2.378.893
Tap ársins 2007, nýtanlegt til ársins 2017	2.530.182
Tap ársins 2008, nýtanlegt til ársins 2018	2.462.883
Tap ársins 2009, nýtanlegt til ársins 2019	2.636.222
	<hr/>
	48.018.904